

Hráskinnaleikurinn í Eflingu

Hér fylgir krækja á þýðingarmikinn texta Sólveigar Önnu Jónsdóttur, fyrrverandi formanns Eflingar, sem sagði af sér um daginn. Hún telur sig fórnarlamb ofbeldis af ýmsu tagi - skilst mér. Nú fræðir hún samlanda sína um, að hún hafi orðið fyrir kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni - eins og afar margar konur reyndar, samkvæmt ótal könnunum á hugsun þeirra og tilfinningum, til dæmis á vegum ASÍ, íslenskra stjórnvalda og Sameinuðu þjóðanna.

Hráskinnaleikurinn er nú orðinn að kynjastríði. Aðalskúrkurinn mun vera starfsmaður Eflingar til tæpra þrjátíu ára, Tryggvi Marteinsson, greinilega kyndólgur, að dómi Sólveigar Önnu. Eftir því sem ég best veit, hefur ekki komið fram, í hverju hótanirnar fólust, en mér kæmi ekki á óvart, að nauðgun að hætti kvenfrelsunarfélagsskapparins, Öfga, komi þar við sögu. Leikendur eru fleiri. Samkvæmt Sólveigu Önnu greinast þeir eftir kynjum; Drífa Snædal, forsæta ASÍ, og framkvæmdastýran, sem hún réði, Halla Gunnarsdóttir, svo og „skúrkurinn,“ Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ.

Það ætti að vera alkunna, að ávirðingar um kynferðislegan dólghátt, ákærur og útskúfun í því sambandi, er ein leið kvenfrelsara til lýðræðislegrar yfirtöku samfélagsins. Kvennaþrýeykið, sem hér er í aðalhlutverkum, deilir sannfæringunni um kúgun kvenna og draumnum um kvennaríkið, sem þegar er í burðarliðnum. Það á eftir að koma í ljós, hvort umræddur leikur svo sé þáttur slíkra hernaðaraðgerða, en stuðningur Magnúsar við starfsbróður sinni ber karlfólkskusamstöðunni þó glöggvitni.

Magnús kveður kynbróður sinn opinberlega með þessum orðum, þegar í ljós kemur, að honum hafi verið sagt upp: „Ömurlegar fréttir kæri félagi – á löngum ferli mínum í störfum fyrir þetta stóra stéttarfélag hefur við mig aldrei orði verið á þig hallað – þvert á móti.“

Sólveig Anna bregst snöfurllega við: „Með orðum þínum lýsir þú frammi fyrir almenningi samúð og stuðningi við geranda í ofbeldismáli, og kastar um leið opinberlega rýrð á frásögn mína sem þolanda hótunar af hálfu viðkomandi.“ [Það er enn ekki dæmt í málinu við opinberan dómstól.] ...

Á síðustu árum hefur átt sér stað talsverð umræða og vitundarvakning um hlutverk verkalýðsfélaga í málum sem snúa að kynbundnu ofbeldi og áreitni. Sem dæmi um þessa vitundarvakningu þá framkvæmdi Varða - rannsóknastofnun vinnumarkaðarins rannsókn á fjölda, úrræðum og afdrifum mála sem varða kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi, en það var miðstjórn ASÍ ásamt stjórn BSRB sem fól stofnuninni þetta í kjölfar annarrar bylgju MeToo. [Forkona þess félagsskappar er Sonja Ýr Þorbergsdóttir.]

Ég tel að með framgöngu þinni hafir þú gert Alþýðusambandið vanhæft til aðkomu að málum sem snerta kynbundið ofbeldi og áreitni. Stofnun sem felur karli með þín viðhorf og hugmyndir um hvað telst ásættanleg opinber framganga í slíkum málum stöðu æðsta lögfræðivalds hefur tapað trúverðugleika sínum. Enginn þolandi í kynbundnu ofbeldis- eða áreitnismáli getur treyst því að mál þeirra fái faglega eða hlutlausa meðferð af hálfu ASÍ meðan þú gegnir þar þeirri stöðu sem þú gerir.“

„Mee-too“ er hljómgrunnurinn. Hann á aftur dýpri hljómgrunn í alþjóðlegum samningum og íslenskri löggjöf, þar sem lýst er yfir, að karlmenn séu kúgarar kvenna og að ríkin skuldbindi sig til að uppræta hana. Hráskinnaleikurinn í Eflingu gæti verið einn þáttur í þessu verðuga ætlunarverki. Hvernig, sem á það verður litið, er um að ræða hörmulega stjórnun.

Vonandi er um að ræða annan „storm í vatnsglasi“ eins og í Orkuveitu Reykjavíkur. En það mun bulla undir Magnúsi. Hugsanlega segir hann upp að velathuguðu máli eins og fyrrverandi forstjóri Landsspítala, Páll Matthíasson.

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/11/12/faerslan_min_er_einungis_kvedja_til_starfsfelaga/